

Sveitarstjórn Húnavatnshrepps
146. fundur.

Miðvikudaginn 9. apríl 2014 kom sveitarstjórn Húnavatnshrepps saman til fundar á Húnavöllum kl. 13.00 Þóra Sverrisdóttir setti fundinn og stjórnaði honum. Jens P. Jensen ritaði fundargerð. Mæting á fundinn að öðru leyti samkvæmt undirskriftum.

Dagskrá:

1. **Kynning á vinnu við skólastefnu Húnavatnshrepps.**
2. **Skýrsla sveitarstjóra.**
3. **Fundargerðir:**
 - a) Skipulags- og byggingarnefndar Húnavatnshrepps, dags. 7. apríl 2014.
 - b) Fulltrúa Húnavatnshrepps og leigutaka sundlaugar, dags. 2. apríl 2014.
 - c) Hússtjórnar Húnavers, dags. 28. janúar 2014.
 - d) Hússtjórnar Húnavers, dags. 11. febrúar 2014.
 - e) Hússtjórnar Húnavers, dags. 4. mars 2014.
 - f) Aðalfundar Húnavers, dags. 11. mars. 2014.
 - g) Skólanefnar FNV, dags. 18. mars 2014.
 - h) Stjórnar Sambands ísl. sveitarfélaga, dags. 21. mars 2014.
4. **Ársreikningur Húnavatnshrepps 2013, seinni umræða.**
5. **Skoðanakönnun um sameiningarmál. Tillögur starfshóps.**
6. **Bréf:**
 - a) Frá stjórn Róta bs., dags. 27. 03. 2014.
 - b) Frá SSNV, dags. 31. 03. 2014.
 - c) Frá Lánasjóði sveitarfélaga ohf., dags. 27. 03. 2014.
 - d) Frá reiðveganefnd Neista, dags. 21. 03. 2014.
7. **Önnur mál.**

Oddviti bauð fundarmenn velkomna og setti fund kl. 13.00

1. Kynning á vinnu við skólastefnu Húnavatnshrepps.

Sigríður B. Aadnegard, skólastjóri og Guðjón E. Ólafsson, fræðslustjóri kynntu drög að skólastefnu Húnavallaskóla.

Fulltrúar í sveitarstjórn hafa tíma til 14. apríl til að koma á framfæri athugasemdum við drögin. Í framhaldi af því verða þau send til kynningar í Skólaráði, stjórn foreldrafélagsins og hjá fræðslunefnd. Einnig er stefnt að því að skólastefnan verði kynnt á sveitarfundi þann 29. apríl n.k. Sigríður og Guðjón yfirlögðu fundinn.

2. Skýrsla sveitarstjóra.

Sveitarstjóri gerði grein fyrir helstu málum sem unnið hefur verið að frá síðasta fundi sveitarstjórnar. Fulltrúar Húnavatnshrepps sátu ársfund Heimilisiðnaðarsafnsins þann 3. apríl, tóku þátt í vinnustofu um mótun framtíðarsýnar leikskólastarfs, sem haldinn var á Blönduósi 27. mars og sátu fund með fulltrúum Innanríkisráðuneytisins og fulltrúum sveitarfélaga á Norðurlandi-vestra, um samgönguáætlun 2015-2026 og fjarskiptaáætlun 2015-2026.

Erindi frá Hússtjórn Dalsmynnis dags. 5. apríl 2014 varðandi viðhald tækjabúnaðar var samþykkt. Kostnaður rúmast innan fjárhagsáætlunar.

Tilboð í hurðasmíði fyrir Húnaver var samþykkt. Áætlaður kostnaður með uppsetningu er um 500 þúsund kr. tekið af eigin fé. Samþykkt sem viðauki í áætlun um fjárfestingar.

Sveitarstjórn Húnavatnshrepps

146. fundur.

Lögð var fram áætlun frá Ráðbarði sf. um kostnað vegna nauðsynlegra endurbóta á sundlaug Húnavallaskóla. Gert er ráð fyrir eftirlitsmyndavélum, klórblöndunarkerfi, klórgeymslu, merkingum og áhættumati. Samtals kostnaður að upphæð um 5,3 millj. kr. Kostnaðaráætlunin var samþykkt. Samþykktur var viðauki við áætlun fjárfestinga að upphæð 4. millj. kr. tekið af eigin fé.

Þjónustukönnun 365 miðla hjá notendum fjarskiptakerfisins í sveitarfélaginu er ekki lokið. Samþykkt var að sveitarstjóri hafi samband við Póst og fjarskiptastofnun og óski eftir að stofnunin geri úttekt á virkni kerfisins.

3. Fundargerðir:

a) Skipulags- og byggingarnefndar Húnavatnshrepps, dags. 7. apríl 2014.

1. Breyting á aðalskipulagi Húnavatnshrepps 2010-2022 vegna virkjanaframkvæmda á veituleið Blönduvirkjunar. Skipulags- og byggingarnefnd samþykkir að senda Skipulagsstofnun tillöguna til athugunar skv. 3. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og auglýsa hana skv. 31 gr. sömu laga að lokinni umfjöllun Skipulagsstofnunar. Afgr. nefndarinnar staðfest í sveitarstjórn.
2. Erindi frá Vegagerðinni, umsókn um framkvæmdaleyfi til að vinna efni í malarslitlag úr fjórum námum við Kjalveg. Námurnar eru Áfanganáma, sunnan Tvískiptihæðar, sunnan Kúlukvíslar og við Stóralæk. Áformað er að vinna 3000 m³ í hverri námu í sumar. Framangreindar námur eru allar opnar og hafa verið notaðar af Vegagerðinni áður, en eru ekki á aðalskipulagi Húnavatnshrepps. Framkvæmdaleyfi verður því ekki gefið út fyrir en aðalskipulaginu hefur verið breytt. Í umsókn sinni fer Vegagerðin þess á leit að veitt verði framkvæmdaleyfi til bráðabirgða á meðan unnið er að nauðsynlegum breytingum á aðalskipulaginu. Skipulags- og byggingarnefnd samþykkir að hefja undirbúning að breytingu á aðalskipulagi Húnavatnshrepps vegna náma sem Vegagerðin hyggst nota á komandi árum í sveitarfélaginu. Jafnframt samþykkir nefndin að gera óverulega breytingu á aðalskipulagi Húnavatnshrepps vegna þeirra efnisvinnslu sem fyrirhuguð er við Kjalveg í sumar. Vegagerðin mun bera kostnað af framangreindum breytingum. Afgr. nefndarinnar staðfest í sveitarstjórn.
3. Erindi frá Upprekstrarfélagi Eyvindarstaðaheiðar, umsókn um byggingarleyfi fyrir hundahúsi við Galtarárskála. Stærð hússins er 26,2 m². Skipulags- og byggingarnefnd samþykkir byggingaráformin fyrir sitt leyti. Afgr. nefndarinnar staðfest í sveitarstjórn.
4. Erindi frá Húnaþingi vestra, kynning á tillögu að aðalskipulagi Húnaþings vestra 2014-2026 ásamt umhverfisskýrslu fyrir sveitarstjórnnum aðliggjandi sveitarfélaga. Erindinu fylgir aðalskipulagsuppráttur, greinargerð og umhverfisskýrsla. Skipulags- og byggingarnefnd gerir ekki athugasemd við aðalskipulagstillögu Húnaþings vestra 2014-2026. Gera þarf breytingu á sveitafélagamörkum Húnavatnshrepps til samræmis við aðalskipulag Húnaþings vestra, næst þegar aðalskipulagi Húnavatnshrepps verður breytt. Sveitarstjórn frestar afgreiðslu á 4. lið fundargerðarinnar um sveitarfélagamörk Húnaþings-vestra og Húnavatnshrepps til næsta fundar í sveitarstjórn.

b) Fulltrúa Húnavatnshrepps og leigutaka sundlaugar, dags. 2. Apríl 2014.
Til kynningar.

c) Hússtjórnar Húnavers, dags. 28. janúar 2014.
Til kynningar.

d) Hússtjórnar Húnavers, dags. 11. Febrúar 2014.
Til kynningar.

e) Hússtjórnar Húnavers, dags. 4. mars 2014.
Til kynningar.

Sveitarstjórn Húnavatnshrepps 146. fundur.

f) Aðalfundar Húnavers, dags. 11. Mars. 2014.
Til kynningar.

g) Skólanefnar FNV, dags. 18. mars 2014.
Til kynningar.

h) Stjórnar Sambands ísl. sveitarfélaga, dags. 21. mars 2014.
Til kynningar.

4. Ársreikningur Húnavatnshrepps 2013, seinni umræða.

Ársreikningur Húnavatnshrepps 2013 var tekin til seinni umræðu. Rekstrarafgangur A og B hluta var 38,2 millj. kr. Þar af er reiknaður söluhagnaður eigna 5,5 millj.kr. Samkvæmt yfirliti um sjóðstreymi var veltufé frá rekstri 45,2 millj. kr. eða tæp 13% af heildartekjum.

Sveitarstjórn lýsti yfir ánægju sinni með góðan rekstur sveitarfélagsins 2013. Sveitarstjórn þakkaði starfsfólki sveitarfélagsins vel unnin störf á liðnu ári.

Ársreikningurinn var borin upp til atkvæða og samþykktur samhljóða.

5. Skoðanakönnun um sameiningarmál. Tillögur starfshóps.

Fyrir fundinn voru lagðar tvær tillögur um framsetningu spurninga á seðlunum. Samþykkt var að skoðanakönnunin fælist í eftirfarandi spurningum:

1. Vilt þú að Húnavatnshreppur sameinist öðru sveitarfélagi eða sveitarfélögum?

Já _____ Nei _____

2. Ef svarið við spurningu 1. er já, hvaða sameiningarkost telur þú vænlegastan?

Merktu aðeins við einn valkost.

A _____ Sameining við Blönduósbæ. (Húnavatnshreppur, Blönduósbær)

B _____ Sameining sveitarfélaga í Austur-Húnavatnssýslu. (Húnavatnshreppur, Blönduósbær, Skagabyggð, Sveitarfélagið Skagaströnd)

C _____ Sameining sveitarfélaga í Austur-Húnavatnssýslu og Húnaþings vestra. (Húnavatnshreppur, Blönduósbær, Skagabyggð, Sveitarfélagið Skagaströnd, Húnaþing vestra)

D _____ Sameining sveitarfélaga á Norðurlandi vestra. (Húnavatnshreppur, Blönduósbær, Skagabyggð, Sveitarfélagið Skagaströnd, Húnaþing vestra, Sveitarfélagið Skagafjörður, Akrahreppur)

Starfshópnum var falið að standa að framkvæmd skoðanakönnunarinnar og birta niðurstöður hennar samhliða niðurstöðum sveitarstjórnarkosninga.

6. Bréf:

e) Frá stjórn Róta bs., dags. 27. 03. 2014.

Efni: Þjónustusamningur sveitarfélaga um málefni fatlaðs fólks skv. 3. gr. samþykkt fyrir byggðasamlagið Rætur bs.

Þjónustusamningurinn lýsir útfærslu þjónustunnar, fjárhagslegri og faglegri umgjörð hennar. Ósakð er eftir að þau sveitarfélög sem standa að byggðasamlaginu Rætur bs., staðfesti samninginn. Sveitarstjórn samþykkti þjónustusamninginn samhljóða.

Sveitarstjórn Húnavatnshrepps
146. fundur.

f) Frá SSNV, dags. 31. 03. 2014.

Efni: Staða á endurnýjun menningarsamninga.
Lagt fram til kynningar.

g) Frá Lánasjóði sveitarfélaga ohf., dags. 27. 03. 2014.

Efni: Arðgreiðsla LS vegna ársins 2013. Hluttur Húnavatnshrepps í arðgreiðslu nemur 547.740 kr. Að frádregnum fjármagstekjuskatti koma til útborgunar 438.192 kr.
Lagt fram til kynningar.

h) Frá reiðveganefnd Neista, dags. 21. 03. 2014.

Efni: Umsókn um styrk vegna reiðvegagerðar með Reykjabraut.
Sveitarstjórn samþykkti að styrkja verkefnið um 300 þúsund kr. Samþykkt sem viðauki við fjárhagsáættun 2014 (rekstrarliður 0689-9991). Tekið af eigin fé.

7. Önnur mál.

Samþykktir um afgreiðslur skipulags- og byggingarnefndar í Húnavatnshreppi voru lagðar fram til seinni umræðu.

Samþykktirnar voru samþykktar í sveitarstjórn og verða sendar til staðfestingar í Umhverfis- og auðlindráðuneytinu.

Rætt var um undirbúning á sveitarfundi sem haldinn verður á Húnavöllum þriðjudaginn 29. apríl n.k. kl. 20.30. Gert er ráð fyrir að fundurinn verði með hefðbundnu sniði.

Fleira ekki gert,
Fundi slitið kl. 17.10

Þóra Sverrisdóttir

Gísli Hólm Geirsson

Jakob Sigurjónsson

Hjálmar Ólafsson

Ingibjörg Sigurðardóttir.

Magnús R. Sigurðsson

Jón Gíslason

Jens P. Jensen